

Mál nr. 220/2006

**H
og
X hf. vegna A
og
Y hf. vegna B**

Aftanákeyrsla á Borgarholtsbraut 15. október 2006.

Gögn.

1. Málskot móttakið 3. nóvember 2006 ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X hf. dags. 13. nóvember 2006.
3. Tölvupóstur frá Y hf. dags. 13. nóvember 2006.

Málsatvik.

Ökumaður A skýrir í lögregluskýrslu frá því að hann hafi ekið af Hamraborg inn í hringtorg við aðrein frá Hafnarfjarðarveginum þegar B hafi svínað fyrir hann. Hann flautaði og vildi tala við ökumann B en ökumaður B stöðvaði ekki. Hann ók því á eftir honum og flautaði. Þegar þeir komu á Borgarholtsbrautinu hafi hann náð að aka fram úr B, snarhemlað til að fá B til að stoppa en B hafi þá lent aftan á bifreið hans. Vitni staðfestir frásögn ökumanns A og lýsti akstri hans sem glæfralegum. Ökumaður B telur sig hafa ekið með eðlilegum hætti í hringtorgið og hann hafi ekki vitað fyrr en ökumaður A hafi farið að flauta á hann. Hann hafi haldið áfram akstri sínum eftir Borgarholtsbraut og þegar A ók framúr honum og snarhemlaði síðan fyrir framan hann þannig að hann hafi lent aftan á A.

Álit.

Samkvæmt frásögn ökumanns A er ljóst að áreksturinn má rekja til aksturslag hans. Öll sök á A.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber alla sök.

Reykjavík, 5. desember 2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.